

HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

SAMÞYKKTIR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að hluti svæðisins S33, í Skarðshlíð, samfélagsþjónusta, breytist í íbúðasvæði og sameinast íbúðasvæði ÍB10.

Á svæði S33, samfélagsþjónusta í Skarðshlíð, sem ætlað var fyrir hjúkrunarheimili, heilsugæslu, skóla og leikskóla, verður nú skóli og leikskóli. Svæði S33 breytist úr 4ha í 3ha og ÍB10 úr 24ha í 25ha.

Miðað við áætlanir í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025, um nemendafjölda á leik- og grunnskólaaldri og athugun á landrýmis- og stærðarþörf slíkrar menntastofnunnar þá er ljóst að ná má hagræðingu í uppbyggingu slíkrar stofnunar, með því að færa hana til á svæði S33 og minnka það jafnframt sem nemur um einum hektara frá samþykktu deiliskipulagi frá 10.06.2013.

Í greinargerð aðalskipulagsins segir á bls. 44:

„Hugmyndir manna um hve stórir grunn- og leikskólar skuli vera hafa stöðugt verið að breytast á síðustu árum, þannig að ákvörðun um fyrirkomulag skóla og annarrar þjónustu í íbúðarhverfum verður tekin þegar unnið er að forsögnum fyrir deiliskipulag einstakra hverfa.“

Í greinargerð aðalskipulagsins segir einnig á bls. 44:

„Á Skarðshlíðarsvæðinu er gert ráð fyrir hjúkrunarheimili og heilsugæslu-stöð.“



Gert er ráð fyrir að hugmyndir um hjúkrunarheimili færast af svæði merktu S33 yfir á svæði merkt S34, sem að flatarmáli er tveimur hekturum stærra en svæði S33.

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann: 11.08 2016.



FYRIR

EFTIR



Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
VP	Verslunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Iðnaðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Íbúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir fristundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
IP	Íþróttasvæði
ÓB	Óbyggð svæði
AF	Afþreyingar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógræktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði
V	Vötn, ár og sjór
FS	Frílýst svæði
ÖN	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvemd (hvít yfirstríkun)
R	Frílýstar fornminjar
VB	Vatnsbólsvæði
VG	Vatnsvemd Grannsvæði (vatnsvemd II)
VF	Vatnsvemd Fjarsvæði (vatnsvemd III)
VA	Bráðabirgða þýningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 1:15.000
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014

Breytt landnotkun — Mörk breytinga 1:15.000

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: 25. ágúst 2016.



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025
SVÆÐI: SKARÐSHLÍÐ - SVÆÐI SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU VERÐUR ÍBÚÐASVÆÐI



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR
19.1.2016/Lagfært 30.5.2016
ÞORMÓÐUR SVEINSSON